

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar,  
Bt. Birgir Gunnarsson, bæjarstjóri  
Stjórnsýsluhúsinu  
400 Ísafjörður

Keflavík 18. mars 2021

**Efni: Jarðhitanyting í Reykjanesi við Ísafjaðradjúp með vísan til grunnleigusamnings við Ísafjarðarbæ**

Ég vísa til fyrri samskipta minna f.h. umbjóðanda míns, Ferðaþjónustunnar í Reykjanesi ehf. við Ísafjarðarbær og Orkubú Vestfjarða ohf. varðandi mögulegt samkomulag aðila um framtíðarskipan jarðhitanytingar á Reykjanesi við Ísafjaðradjúp í Súðvíkurhreppi, þar sem umbjóðandi minn, eins og kunnugt er, hefur rekið ferðaþjónustu, hótél og sundlaug í rúma tvo áratugi.

Þrátt fyrir ítrekaðar óskir þar um, m.a. með ósvöruðum tillögum/drögum umbjóðanda míns að samkomulagi, dags. 27. október 2020, sbr. einnig bréf mitt dags 29. júní 2020 og tölvubréfasamskiptum við forseta bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar og OV, nú síðast þann 1. mars 2021, liggur enn ekkert samkomulag fyrir um framtíðarskipan mála milli aðila. Málið hefur ekki fegið umfjöllun. Tómlæti OV og/eða Ísafjarðarbæjar eða beggja túlkar umbjóðandi minn svo að ekki standi vilji til þess, á næstu misserum, að ræða málið.

Eins og kunnugt er keypti Ferðaþjónustan, hér eftir nefnd *Rnes*, til rekstrarins fasteignir, áður tengdum skólahaldi í Reykjanesi, af íslenska ríkinu, og síðar fasteignir fiskeldistöðvar, (áður Íslax hf.), af Byggðastofnun, á sama stað, að undanskyldum borholum, nú í eigu Orkubús Vestfjarða, OV.

Samkvæmt 2. gr. grunnleigusamningsins Rnes við Ísafjarðarbæ, frá árinu 2002 er félaginu „heimilt að selja og veðsetja leigurétt sinn, einan sér með þeim réttindum, sem lóðinni fylgja eða ásamt húsum og mannvirkjum á lóðinni.“ Jarðhitaréttindi eru innifalin, enda eru þau réttindi mikilvægasta forsenda fyrir rekstrinum og verður ekki frá honum slitinn. Endurgjald fyrir jarðhita er innifalið í lóðaleigu.

Aðgengi Íslax að jarðhita, á sínum tíma, var bundið því skilyrði að jarðhitanotkun félagsins skerti ekki rétt þeirra sem þegar nýttu sömu auðlind, þ.e. skólans, nú Rnes.

Orkubú Vestfjarða, OV, er nú eigandi borholu (RN-01), sem áður var í eigu Íslax hf. og svo Byggðastofnunar, samkvæmt afsali frá byggðastofnun, þ.e. mannvirkisins á hlaði Rnes sem nýtt er til öflunar jarðhita fyrir Hótél Reykjanes, sundlaug í Reykjanesi og saltvinnslu. Holan var endurgerð og kostnaði skipt að jöfnu milli OV og Rnes, en síðar lagfærð á kostnað OV árið 2017.

Réttarágreiningur er milli Ísafjarðarbæjar og OV um eignarétt á jarðhitaauðlindinni í landi jarðarinnar Reykjanes. Sá réttarágreiningur er umbjóðanda mínum óviðkomandi, en hann telur málsástæður og lagarök fyrir því að réttindin tilheyri landeiganda, þ.e. Ísafjarðabæ, þar til annað kemur í ljós.

Súðarvíkurhreppur nýtur forgangs að jarðhita vegna þarfa hitaveitu sem rekin yrði í sveitarfélaginu, sbr. 13. gr. lagaum rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998, eftir atvikum í samráði við OV, komi til slíkrar veitu, að teknu tillit til þeirrar notkunar sem fyrir er í Reykjanesi.

Skúli Thoroddsen, lögmaður, Kt. 060849-2699, Vatnsholti 5c, Reykjanesbæ,

Sími, 8403930 netfang; skulith1@simnet.is

sh. 13.

Mikilvægt er að umrædd borhola, RN-01 sé opin, þar sem lokun hennar leiðir til sjálfrennslis úr hver undir aðalbyggingu Rnes, með umtalsverðri hættu á gífurlegu vatnstjóni, þar til þrýstingi yrði létt af hvernum, ef ekki um RN-01, þá með nýrri borholu. Loknu holunnar kemur því ekki til greina, að svo stöddu.

Fyrrum eignir Íslax hf, þ.m.t. dreifkerfi lagna hitaveitu frá borholu RN-01, voru afsalaðar Rnes af Byggðastofnun.


Fyrirtæki til saltvinnslu leigir aðstöðu hjá Rnes, fyrrum eignir Íslax hf. og nýtir heitt vatn um lagnir Rnes frá borholu OV, (RN-01) án endurgjalds.

Umbjóðandi minn lítur svo á að jarðhitahlunnindi í Reykjanesi séu innifalin í lóðaleigu fyrir starfsemi ferðaþjónustunnar, sem hlunnindi á grundvelli lóðaleigusamnings Rnes við Ísafjarðarbæ, sem hækkar til samræmis við almennar verðalagshækkunarir.

Í ljósi ofanritaðs, þar til um annað verður samið, mun Rnes nýta og reka borholu OV (RN01) án auðlindagjalds og annast viðhald hennar í samráði við OV, standi vilji OV til þess, ábyrgist öryggi holunnar og dreifingu frá lokum hennar annars vegar til saltvinnslunnar og hins vegar til Hótel Reykjanes og sundlaugar.

Til að fylgjast með nýtingu auðlindarinnar, hyggst Rnes skila reglulega gögnum til Orkustofnunar, OV og Ísafjarðarbæjar samkvæmt aflestri á rennismælum.

F.h. Ferðaþjónustunnar í Reykjanesi



Skúli Thoroddsen lögmaður.

Afrit sent:

Orkubúi Vestfjarða

- Elías Jónatansson, orkubússtjóri
- Illugi Gunnarsson, stjórnarformaður

Súðavíkurhreppi

**Skúli Thoroddsen, lögmaður, Kt. 060849-2699, Vatnsholti 5c, Reykjanesbæ,**

**Sími, 8403930 netfang; skulith1@simnet.is**